# Réttlát umskipti fyrir launafólk

Erindi á 47. þingi BSRB
2. október 2024

Henný Hinz

# Loftslagsbreytingar ógna tilveru okkar

*„Þessi skýrsla staðfestir, svo ekki verður um villst, að loftslagsbreytingar eru byrjaðar að breyta náttúrufari og lífsskilyrðum fólks á Íslandi með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag og náttúru.*

*Til að tryggja að þær áskoranir verði ekki meiri en við er ráðið þarf umbyltingu í lífsháttum og umgengni við náttúruna. Þar gegna stjórnvöld, atvinnulíf og stefnumótendur lykilhlutverki.*

*Draga þarf úr losun eins hratt og unnt er og aðlaga samfélagið þannig að það ráði við álagið. Loftslagsvá er viðfangsefni samfélagsins alls og forðast þarf andvaraleysi gagnvart áhættunni.“*

Úr fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar –2023



# … og hafa víðtæk áhrif á samfélagið

*„Umtalsverð áhrif loftslagsbreytinga á atvinnuvegi, uppbyggða innviði og efnahag skapa verulegar áskoranir jafnvel í geirum þar sem viðbrögð við hlýnun geta haft jákvæð áhrif í för með sér.*

*Sjávarstöðubreytingar og aukin náttúruvá geta aukið samfélagslegt tjón og áhrif loftslagsbreytinga erlendis skapað umtalsverða kerfisáhættu hérlendis, t.d. með áhrifum á aðfangakeðjur, fæðuöryggi og lýðheilsu.*

*Loftslagsbreytingar eru talin ein stærsta heilsufarsógn sem mannkynið stendur frammi fyrir.“*

Úr fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar –2023

# Umfangsmiklar aðgerðir eru óumflýjanlegar

- Við verðum fyrst og fremst að draga hratt úr losun gróðurhúsalofttegunda og færa okkur yfir í kolefnishlutlaust samfélag
- Þurfum líka að aðlaga og undirbúa samfélagið til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga
- Höfum undirgengist skuldbindingar og sett okkur markmið um samdrátt í losun
  - Parísarsáttmálinn
  - Landsframlag Íslands 55% samdráttur í losun til 2030 með ESB og Noregi
  - Markmið um kolefnsihlutleysi 2040 – lögfest
- Gengur of hægt – Árangurinn of lítill



# Allt er breytingum háð…

- Nauðsynlegar aðgerðir og aðlögun umbylta framleiðslu-, neyslu- og samgönguháttum
- Atvinnuhættir og daglegt líf okkar verður fyrir áhrifum
- Tvíburaumskipti – loftslags- og tæknibreytinga
- Efnahagsleg og félagsleg áhrif eru víðtæk…
- … og dreifast ekki jafnt á alla
- Umbreytingarnar geta bætt samfélagið, aukið velferð og dregið úr ójöfnuði…
- …en það gerist ekki af sjálfu sér



# Réttlát græn umskipti

- Kostnaður og ávinnininingur af umbreytingunni í átt að kolefnishlutlausu samfélagi skiptist með sanngjörnum hætti
- Hámörkum áhrif loftslagsaðgerða en lágmörkum byrðar sem lagðar eru á launafólk og almenning

- Á rætur í bandarísku verkalýðshreyfingunni á tíunda áratugnum – “Just transition”
- Alþjóða vinnumálastofnunin tók hugtakið upp 2015 í aðdraganda Parísarsamningsins
- Réttlát umskipti eitt af markmiðum Parísarsamningsins – Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar



# Áherslur

- Þurfum að leggja mat á áhrif loftslagsbreytinga og loftslagsaðgerða á m.a. vinnumarkaðinn - störf, skattbyrði og tekjuskiptingu og réttindi
- Hvaða “mótvægisaðgerðir” kalla þessi áhrif á?

- Við þurfum áfram að byggja á:
  - Góðum “grænum” störfum og sanngjörnum launum
  - Tekjujöfnun og sanngjörnu skattkerfi
  - Félagslegu réttlæti – öflug almenn velferðarkerfi
  - Afkomuöryggi - afkomutryggingarkerfin
  - Vinnumarkaðstengdum réttindum
  - Réttur til sí- og endurmenntunar
  - Samningsréttur og áhrif á starfsaðstæður



# Alþjóðlegt samstarf og yfirlýsingar

- ILO Guidelines on Just Transition – 2015 – Leiðarvísir Alþjóða- vinnumálastofnunarinnar
- Áréttað með ályktun á 111. ILO þingi 2023 – Framkvæmdaááætlun
- Viljayfirlýsing á Reykjavíkurfundi í desember 2023 – Þríhliða fundur aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á Norðurlöndunum
- Hvernig innleiðum við og fylgjum eftir?

International Labour Organization

Nordic Council of Ministers

# Hvernig vinnum við áfram að réttlátum umskiptum?

- Sjálfbært Ísland – Samráðsvettvangur um sjálfbæra þróun
- Loftslagsráð - Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum / Aðlögunarvinna
- Þjóðhagsráð
- Kjarasamningar
- Þríhiða samtal stjórnvalda og vinnumarkaðarins – Byggjum á hefðinni
- **Réttlát umskipti eru vinnumarkaðasmál og launafólk á að eiga sæti við borðið**



# Takk fyrir